

Staðfesting ríkisstjóra Íslands á skipulagsskrá fyrir „Barnaeildarsjóð Vífilsstaða“, útgefin á venjulegan hátt að mandatun af dóms- og kirkjumálaráðherra 1. ágúst 1941. 136

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Barnaeildarsjóð Vífilsstaða.

1. gr.

Sjóðurinn er stofnaður samkvæmt gjöf ónafngreinds barnavinar, og er 1. janúar 1941 að upphæð kr. 332.99.

2. gr.

Tilgangur sjóðsins er að styrkja sjúklinga á Vífilsstaðahæli, innan 16 ára aldurs.

3. gr.

Sjóðurinn skal ávaxtaður í Söfnunarsjóði Íslands, Landsbanka Íslands, eða á öðrum jafn tryggum stað, á þann hátt, er arðvænlegast þykir.

Árlega leggist $\frac{1}{4}$ hluti vaxta við höfuðstólinn, en $\frac{3}{4}$ hlutum sé úthlutað til sjúklinga Vífilsstaðahælis, og skal að minnsta kosti helming þess fjár úthlutað í júní- eða júlímánuði ár hvert.

4. gr.

Stjórn sjóðsins skipa 3 menn: Yfirlæknir hælising, einn skipaður af dóms- og kirkjumálaráðuneytinu, og formaður félagsins „Sjálfsvörn“ á Vífilsstöðum. Hætti félagið „Sjálfsvörn“ störfum, kjósa sjúklingar einn mann úr sínum hópi í stjórn sjóðsins.

5. gr.

Stjórn sjóðsins ber að halda gerðabók fyrir sjóðinn, og færa í hana skipulagsskrá, fundarsamþykktir og annað sem varðar hag og rekstur sjóðsins. Sjóðstjórninni ber enn fremur að halda bók yfir eignir sjóðsins, tekjur hans og gjöld, og færa í hana ársreikninga sjóðsins.

6. gr.

Sjóðurinn stendur undir umsjón dóms- og kirkjumálaráðuneytisins. Skipar ráðuneytið ár hvert 2 endurskoðendur, úrskurðar reikninga sjóðsins, og gerir allar nauðsynlegar ráðstafanir til þess að úrskurði þess sé framfylgt.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið. Stjórn sjóðsins skal árlega birta reikning hans í Lögbirtingablaðinu.

7. gr.

Nú verður Vífilsstaðahæli lagt niður, eða hættir að starfa sem berklahæli, og ráðstafar þá dóms- og kirkjumálaráðuneytið sjóðnum, í sem fyllstu samræmi við vilja stofnandans.

8. gr.

Leita skal staðfestingar á skipulagsskrá þessari, og hún birt í B-deild Stjórnartíðindanna.